

Ísafirði 13. Mars 2018

Ísafjarðarbær  
bt. Skipulagsfulltrúa Ísafjarðarbæjar  
Hr. Alex Rodigeuz Överby skipulags- og byggingarfulltrúi

Efni: Athugasemdir við  
*„breytingartillögu á deiliskipulagi iðnaðarhluta Tunguskeiðs, Ísafirði“ sem auglýst er 20. febrúar 2018, af skipulagsfulltrúa Ísafjarðarbæjar, f.h. Ísafjarðarbæjar.*

*Áður hefur bréfitari lýst áhyggjum að þessarri nálgun veghelgunar við Skutulsfjarðarbraut í þéttbýli, við skipulagsfulltrúa og ritar nú athugasemd við; breytingu á deiliskipulaginu, hér með.*

1). Geri alvarlega athugasemd við veghelgunarlínu, sem sett er inn á breytingartillögunu, inná lóðir og inn fyrir vegg þegar byggðra húsa. Hús sem byggð voru eftir nógildandi deiliskipulagi og gildandi Aðalskipilagi Ísafjarðarbæjar.

Tekið skal hér fram að veghelgunarlína getur ekki gengið inn í hús sem þegar eru byggð eftir gildandi deiliskipulagi og Aðalskipulagi, því samkvæmt Aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar er hér um að ræða stofnbraut í þéttbýli.

Öryggisþáttur veghelgunarsvæðis eykst ekki með því að fara í gegnum vegg húsa og getur samkvæmt því einungis náð að útvegg húsa.

Ekki er séð að fasteignaeigendur sem lenda með hús sín innan veghelgunarlínu geti talist umráðamenn eða eigendur þess hluta ef breytingartillagan verður samþykkt og veghelgunin lögtekin.

Athuga verður hvort rétt sé að fasteignaeigendur greiði lóðaleigugjald til sveitarfélagsins af þeirri lóð fasteignar sem lendir innan veghelgunarlínu.

2) Svæðið er samkvæmt gildandi Aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar, þéttbýli og stofnbraut í þéttbýli og ætti því að taka tillit til þess.

Veghelgunarsvæði eru nauðsynleg en gera ekki gagn inn í húsum annarra og þegar slíkt er gert verður væntanlega kvöð á húsum, eignarhald brenglast og réttarstaða. Jafnan þinglýsir Vegagerin veghelgunarsvæðum sínum og þá oftast við nýbyggingar, en að samþykkja svona breytingu á deiliskipulagi þar sem gengið er á rétt eigenda húsa og málum blandið vegna lóða fasteigna sem lenda innan veghelgunarsvæðis er ekki hægt og gott að hafa það í huga að ábyrgðin er sveitarfélagsins fyrst og fremst og um leið bótarskylda.

Virðingarfyllt

Ragnheiður Hákonardóttir

Ísafirði